



Arnarnes, samgöngustígur með Hafnarfjarðarvegi.

Breytt deiliskipulag.

Dags. 25. febrúar 2022

one: 2202180

Umsögn umhverfissviðs

Á fundi skipulagsráðs 14. Febrúar sl. var lagt fram erindi Arinbjarnar Vilhjálmssonar skipulagsstjóra fh. Garðabæjar dags. 7. febrúar 2022, þar sem óskað er umsagnar Kópavogsbæjar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Arnarness.


Í breytingunni felst að skilgreiningu stofnstígs verði breytt í samgöngustíg, með aðgreindri umferð hjólréiða annars vegar og gangandi hins vegar. Verði stígurinn upplýstur og allt að 2 x 3 metrar á breidd. Er með tillögunni vísað til samþykktar sex sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um stofnun opinbers hlutafélags "Betri samgöngur" um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu. Skipulagsráð frestaði afgreiðslu málsins og vísaði því til umsagnar umhverfissviðs.

Umhverfissvið í samvinnu við Vegagerðina og önnur sveitarfalalög á höfuðborgarsvæðinu hefur á undanfögnu undirbúið endurbætur á stígakerfi í Kópavogi í samræmi við samgöngusáttmála milli Ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem undirritaður var í lok árs 2019.

Vinna er í gangi við að útfæra legu og fyrirkomulag göngu- og hjólastígs sem liggur frá sveitarfélagsmörkum Garðabæjar og Kópavogs um botn Kópavogs yfir útfall Kópavogslækjar, austan við Þinghól og að stígatengingum við Kópavogstún þar sem stígurinn kvíslast til vesturs um suðurströnd Kársnes, til austurs undir Hafnarfjarðarveg og út Kópavogsdalinn og áfram upp Kópavogsháls.

Gerð stígarins er greidd að öllu leiti af samgöngusáttmála. Þar sem stígurinn liggur innan veghelgunarsvæðis Vegagerðarinnar hefur Vegagerðin óskað eftir að hönnun og framkvæmd verði í þeirra höndum en í náinni samvinnu við Kópavogsbæ sem mun taka þátt í öllum hönnunarfundum og hafa fullt og ótakmarkað vægi til ákvörðunartöku á hönnunar- og framkvæmdatíma. Sama fyrirkomulag er á hönnun og gerð stígar um Arnarnes sem og öðrum leiðum í sveitarfélögum þar sem stígar liggja innan veghelgunarsvæðis.

Frumforsendur eru að stígurinn sé að minnsta kosti 3 m á breidd fyrir hjólandi umferð, með aðskildum akstursstefnum og að minnsta kosti 2 m á breidd fyrir gangandi umferð. Gert er ráð fyrir að göngu- og hjólaleið verði aðskilinn með óbrotinni línu máluð á stíginn alla leið fyrir utan um það bil 150 m spotta sunnan vogsins þar sem pláss er fyrir aðskildum stígum.



Í botni Kópavogs er stígurinn með grjóthleðslu að Kópavoginum á aðra hönd og Hafnarfjarðarveg á hina hönd og lítið sem ekkert pláss umfram núverandi stígsbreidd sem er 3 m. Til að koma fyrir aukinni breidd er til skoðunar í samvinnu við Vegagerðina að annaðhvort breikka stíginn til austurs og vestari akreina Hafnarfjarðarvegur færist um samsvarandi breidd inn á miðeyju, eða að grjóthleðslan sem nær út í Kópavoginn verði gerð krappari og náist þá nægjanlegt breidd fyrir ákjósanlega stígabreidd. Ekki er ljóst á núverandi tímapunkt hvort verður fyrr en hönnun er lengra kominn. Yfir Kópavogslæk mun verða bætt við nýrri brú fyrir gangandi en núverandi brú mun breytast fyrir hjólaumferð.

Við Pinghól, þar sem liggja friðlýstar fornminjar, er ekki hægt að breikka stíginn til vesturs inn á hólinn og þar verður annaðhvort að hnikra Hafnarfjarðarvegi til austurs eða gera málamiðlanir á um það bil 100 m kafla með breiddir.

Við Kópavogstún á stígamótum Kársnesstíg, undirganga undir Hafnarfjarðarveg og Kópavogsháls verður komið fyrir hringtorgi fyrir hjólandi og gangandi. Núverandi áningarstaður mun halda sér en færast lítillaga til og innra fyrirkomulag hans mun breytast til að auðvelda umferð gangandi.

Skipulagsráð hefur veitt Umhverfissviðið heimild til að hefja vinnu við að deiliskipuleggja breikkun Kársnesstígs á sunnanverðu Kársnesinu á fundi 19 apríl 2021. Landmótun hefur unnið að drögum að vinnslutillögu.

Tekið mið af ofangreindu gerir Kópavogsbær ekki athugasemdir við tillögu Garðabæjar að breytingu á deiliskipulagi Arnarness.